

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður
Arnfinnur Antonsson (Höfnin)
Álfheiður Guðmundsdóttir (Íþróttamiðstöð)
Halldóra Halldórsdóttir (Grunnskólinn)
Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður/Túngata)
Sigríður Guðmundsdóttir Hammer (Laut)
Þórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

1. **Skipun nefndar** - Hjalti Guðmundsson er hættur og þ.a.l. dottinn út úr nefndinni. Skipa þarf nýjan fulltrúa Þjónustumiðstöðvar- og slökkviliðs í hans stað. Fulltrúi íþróttamiðstöðvar, Álfheiður, er búin að vera í 2 ár, einnig fulltrúi hafnarinnar, Arnfinnur. Formaður mun ræða við forstöðumenn um skipan í nefndina. Fulltrúar skólanna hafa verið endurskipaðir og halda áfram í nefndinni.
2. **Evrópsk vinnuverndarvika 2016 - ráðstefna 20. október** - Vinnueftirlitið stendur fyrir ráðstefnu um vinnuvernd þann 20. október næstkomandi. Dagskrá hennar lögð fram.
3. **Niðurföll í nýbyggingum** - Borið hefur á að óþefur berist úr niðurföllum í Hópsskóla, Laut og íþróttamannvirki í ákveðnum vindáttum. Sigurður Rúnar Karlsson, umsjónarmaður fasteigna, og Daníel Júlíusson, umsjónarmaður grunnskólans, virðast vera búnir að finna lausn á vandamálinu í Hópsskóla. Mun formaður ræða við Sigurð og ýta á eftir því að skoða hvort sama lausn dugar einnig á hinum stöðunum.
4. **Viðbragðsáætlun Þrumunnar** - Eftir óhapp í Þrumunni á dögnum var viðbragðsáætlun hennar uppfærð og aðlöguð sérstaklega að starfsemi hennar en áður var sama áætlun í gildi hjá Þrumunni og skólanum. Áætlunin lögð fram.
5. **Vinnuverndarmöppur samræming fyrir allar stofnanir** - Formaður hefur samband við Vinnueftirlitið og aflar upplýsinga fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:10